

Auglýsing um friðlýsingu Hríseyjar í Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Hrísey í landi Miðhúsa, Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu og er eyjan friðland.

Friðlandið er Hrísey sjálf ásamt fjöru þeirri sem henni fylgir á stórstraumsfjöru allt að 100 metrum frá meðal stórstraumsflóðsmörkum.

*Um friðlandið gilda eftirtaldar reglur:*

1. Bannað er að skerða gróður eða breyta gróðurfari í Hrísey. Beit búfjár er óheimil í eyjunni.
2. Óheimilt er að skerða fjörugróður við Hrísey innan marka friðlandsins.
3. Bannað er að granda fuglum í friðlandinu nema svo sem nauðsynlegt kanna að reynast vegna nytja æðarvarps.
4. Umferð um eyjuna er bönnuð á tímabilinu 15. apríl til 15. júlí án heimildar [Umhverfisstofnun] eða umboðsmanns stofnunarinnar.
5. [Umhverfisstofnun] er heimilt að leyfa nitjar æðarvarps og annarra hlunninda í og við eyjuna.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð stofnunarinnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 14. nóvember 1977

Vilhjálmur Hjálmarsson

---

Birgir Thorlacius